




Samgöngustofa



Samgöngustofa og umhverfismálin
vangaveltur með morgunkaffinu í janúar 2023

Umhverfismál

Við sjálf

Samfélagið






Staða Íslands

- Ísland hefur skuldbundið sig til þess að beita sér í baráttunni við loftslagsbreytingar og er aðili að Parísarsáttmálanum.
- Ísland hefur, í samfloti með Evrópusambandinu, markmið um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 40% árið 2030, miðað við losun ársins 1990.
- Þar að auki stefnir Ísland að kolefnishlutleysi árið 2040

Losun Íslands miðað við höfðatölu er töluvert há miðað við önnur Evrópuríki


Losun Íslands hefur aukist um 5% miðað við losun ársins 1990



- Losun Íslands árið 2020 var 13.519 kílótonn af CO₂-ígildum (kt CO₂-íg) samkvæmt niðurstöðum Umhverfisstofnunar. Losun Íslands (með landnotkun) dróst saman um 1,6% milli árana 2019 og 2020.
- Losun var 4.510 kt CO₂-íg ef landnotkun og skógrækt eru undanskilin en það er stærsti einstaki losunarflokkur Íslands (9.010 kt CO₂-íg) sem fellur ekki með beinum hætti undir núverandi skuldbindingar Íslands í loftslagsmálum. Ef horft er til losunar án landnotkunar dróst hún saman um 4,3% milli árana 2019 og 2020.
- Losun sem telst á beinni ábyrgð Íslands var 2.716 kt CO₂-íg. Losun á beinni ábyrgð Íslands dróst saman um 5,4% milli árana 2019 og 2020.

Losun á ábyrgð Íslands

- Samgöngur bera mesta ábyrgð á aukinni losun frá árinu 2013. Losun í vegasamgöngum jókst um 58% frá 1990 til 2020 en dróst saman um 13% milli ára 2019 og 2020.
- Losun frá fiskiskipum hefur dregist saman síðustu 30 árin og nemur samdrátturinn um 33% frá árinu 1990 (úr 741 kt CO₂-íg. árið 1990 í 510 kt CO₂-íg. árið 2020).
- Undir losun á beinni ábyrgð Íslands falla þó ekki gróðurhúsalofttegundir frá alþjóðaflugi og alþjóðasiglingum.





Við sjálf

- Græn skref í ríkisrekstri
- Loftslagsstefna Samgöngustofu
- Umhverfisvænar samgöngur
- Góðar fyrirmyndir

Græn skref í ríkisrekstri



<https://graenskref.is/>



Loftslagsstefna Samgöngustofu

Loftslagsstefna Samgöngustofu

Samgöngustofa stefnir á að vera til fyrirmyndar í loftslagsmálum með því að draga markvisst úr losun gróðurhúsalofttegunda (GHL) frá starfseminni og þeim áhrifum sem losunin hefur í för með sér. Samgöngustofa vill leggja sitt af mörkum til að markmiðum Parísarsamningsins sé náð og taka þannig virkan þátt í baráttunni við loftslagsbreytingar.

Fram til 2030 mun Samgöngustofa draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um samtals 40% miðað við árið 2019. Samgöngustofa mun fyrst og fremst leggja áherslu á að draga úr losun í rekstri en einnig er stefnt að því að kolefnisjafna alla eftirstandandi losun með kaupum á vottuðum kolefniseiningum, eða með öðrum viðurkenndum leiðum, frá og með árinu 2020.

Stefna þessi tekur mið af skuldbindingum Íslenskra stjórnvalda gagnvart Parísar Samningnum og yfirlýsingu stjórnvalda um samdrátt í losun GHL og kolefnishlutleysi.

Stefnan nær til samgangna á vegum Samgöngustofu, orkunotkunar, úrgangsmýndunar og umhverfisfræðslu. Stefnan nær til allrar starfsemi Samgöngustofu, byggingar, mannvirkja, farartækja, framkvæmda o.þ.h.

Loftslagsstefna Samgöngustofa er rýnd á hverju ári af umhverfishóp Samgöngustofu og markmið uppfærð með tilliti til þróunar í losun GHL á milli ára. Stefnan er samþykkt af forstjóra og framkvæmdastjórn og upplýsingum um árangur aðgerða er miðlað á heimasíðu Samgöngustofu.

Aðgerðaráætlun:

- Drögum úr losun GHL vegna samgangna og eflum fjarfundarmenningu
- Aukum hlutfall endurvinnslu og drögum úr úrgangsmýndun og losun GHL vegna úrgangs
- Innkaup séu umhverfisvæn í takt við innkaupastefnu ríkisins
- Fræðum starfsfólk um innra umhverfisstarf og umhverfismál almennt
- Hvetjum til aukinnar umhverfisvitundar starfsfólks
- Fylgjum grænum skrefum



Umhverfisvænar samgöngur og góðar fyrirmyndir

- Horfum í eigin barm og tileinkum okkur góða hætti í umhverfismálum t.d með því að kynna okkur græn skref í ríkisrekstri og loftslagsstefnu ríkisaðila
- Hvað getum við gert sem starfsfólk Samgöngustofu og einstaklingar til leggja þessu mikilvæga verkefni lið?
- Samgöngustofa hækkar samgöngustyrk upp í hámark skattleysimarka kr. 120 þús. á ári;
 - það miðast eingöngu við notkun á virkum samgöngum og/eða almennings-samgöngum
 - starfsfólk getur gert samning fyrir einstaka mánuði og miðast við að nota vistvænan ferðamáta a.m.k. fjórum sinnum í viku
- Samgöngustofa hækkar heilsustyrk upp í hámark skattleysismarka kr. 71,5 þús. á ári;
 - styrkurinn miðast við útlagðan kostnað sem hlýst af iðkun líkamspjálfunar





Samfélagið

- Áherslur stjórnvalda
- Þátttaka í alþjóðastarfi
- Leyfisveitingar og ný tækni
- Þjálfun og undirbúningur

Áherslur stjórnvalda

Í aðgerðaráætlun í loftslagsmálum eru tilgreind eftirfarandi verkefni sem tengjast samgöngum (samtals 17 af 50), þeim til viðbótar er einnig kolefnisgjald undir liðnum „Hvatar til umbóta“:

Í áætluninni eru samtals 50 aðgerðir sem skipt er í þrjá hluta

1 í undirbúningi 15 í vinnslu 34 í framkvæmd

A. Samgöngur á landi	A1. Innviðir fyrir virka ferðamáta	A2. Ívilnanir fyrir virka ferðamáta	A3. Efling almenn-ingssamgangna	A4. Ívilnanir fyrir vistvæn ökutæki	A5. Innviðir fyrir vistvæn ökutæki
	A6. Lög og reglur vegna orkuskipta	A7. Nýskráning bensín-/díselbíla öheimil 2030	A8. Orkuskipti í þungaflutningum	A9. Vistvænir bílaleigubílar	A10. Skylda ríkisaðila til að kaupa vistvæna bíla
B. Skip og hafnir	B1. Orkuskipti í sjávarútvegi	B2. Rafvæðing hafna	B3. Bann við notkun svaroliu	B4. Orkuskipti í ferjum	B5. Orkuskipti í skipum ríkisins
	H. ETS: Flug og iðnaður	H2. Hertar reglur í viðskiptakerfi með losunarheimildir (ETS)		H3. Þátttaka í alþjóðlegu kerfi um samdrátt í losun frá flugi	

Samgöngur á landi – verkefni SGS?

Helstu atriði varðandi samgöngur á landi snúa að orkuskiptum í umferð og þungaflutningum, öflugum almenningsamgöngum og uppbyggingu innviða fyrir virkar samgöngur.

Möguleg verkefni:

- Skráningar ökutækja og upplýsingagjöf varðandi hlutfall ökutækja sem ganga fyrir endurnýjanlegum orkugjöfum. Samanburður við önnur lönd og þá hvort árangur tengist einhverju tilgreindum aðgerðum stjórnvalda.
- Öryggi óvarðra vegfarenda og þeirra sem nýta sér virka ferðamáta. Aukin notkun rafskúta hefur leitt til mikillar aukningar slysa þeim tengdum. Nýir ferðamátar munu þróast áfram og því mjög mikilvægt að öryggi sé tryggt.



Samgöngur í lofti – verkefni SGS?

Í flugi eru áform um að innleiða viðskiptakerfi fyrir losunarheimildir og setja skýrar línur um langtímamarkmið um samdrátt í losun sem ná til ársins 2050. Því til viðbótar hafa tæknifyrirtæki tekið höndum saman með einstökum rekstraraðilum um leiðir til að stuðla að orkuskiptum í flugi. Framleiðsla á rafeldsneyti er sá einstaki þáttur sem reiknað er með að skili mestu.

Möguleg verkefni:

- Samstarf við Evrópu um innleiðingu viðskiptakerfis fyrir losunarheimildir og þá bæði CORSIA og ETS, en það síðarnefnda getur skaðað samkeppnistöðu Íslands gagnvart öðrum Evrópulöndum og löndum utan Evrópu. Því þarf bæði að tryggja framkvæmd verkefnis og vinna áfram í því að jafnræðis sé gætt milli þjóða.
- Þátttaka í starfi Eurocontrol og uppbygging á hagkvæmari flugleiðsögu þar sem stefnt er að nýtingu stystu leiða og lágmörkun tafa. Evrópusambandið hefur unnið að „Single European Sky“ verkefninu á undanförunum árum en ekki orðið mjög ágengt varðandi aukið hagræði. Samgöngustofa getur lagt þessu verkefni lið innan Eurocontrol og þá út frá staðsetningu flugstjórnarsvæðis landsins.
- Samgöngustofa þarf að byggja upp þekkingu á nýjum orkugjöfum þ.a. stofnunin sé í stakk búin til að skrá og tryggja nauðsynlegt eftirlit með loftförum sem nýta þessa tækni. Frumraun þessa var skráning rafmagnsflugvélar fyrr á árinu 2022 og var horft til þess að framhald geti orðið á.



Samgöngur á legi – verkefni SGS?

Vel hefur gengið að draga úr losun fiskiskipaflotans á undanförunum árum. Kaupskip sem sigla til landsins hvort heldur í eigu íslenskra eða erlendra fyrirtækja eru ekki skráð hérlandis.

Möguleg verkefni:

- Framleiðsla orkujurta til að knýja fiskiskipaflotann. Vísað er til skýrslu sem skilað var 2021 og fjallar meðal annars um möguleikana á að nýta innlenda framleiðslu orkujurta til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda við fiskveiðar.
- Kortlagning á áformum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) og Evrópusambandsins (ESB) um orkuskipti í siglingum. Umræður eru í gangi varðandi orkuskipti í siglingum en virðast þó ekki langt á veg komnar. Því liggja ekki fyrir upplýsingar um hvort þetta komi eingöngu til með að hafa áhrif á alþjóðasiglingar.
- Nýorkugjafar í skipum geta haft áhrif á öryggi áhafna og skipa. Í flugi er notast við þær reglur sem settar eru af Flugöryggisstofnun Evrópu (EASA) á meðan löggjöf varðandi skip er oft á tíðum sérsniðnari að aðstæðum í hverju landi. Því getur verið fullt tilefni til að skoða hvaða þróun er að eiga sér stað í nágrannalöndunum.



Og hvað svo?

